



# PÉSI

33. ÁRGANGUR | 381 TBL

JÚNÍ 2023

## Athugið!

Næsta Pésa verður dreift  
**30.-31. ágúst.** Efni þarf að  
berast fyrir **23. ágúst.**

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ HRUNAMANNAHREPPS

# 17. JÚNÍ

13:00 Skrúðgangan fer af stað frá Félagsheimilinu og endar  
inni í Félagsheimili Hrunamannahrepps þar sem hefðbundin  
hátíðarræða og dagskrá fer fram.

Fjallkonan flytur ljóð - Séra Óskar Óskarsson flytur hugvekju

KÖRFUBOLTADEILDIN VERÐUR MEÐ  
KAFFIVEITINGAR AÐ HÁTÍÐARDAGSKRÁ LOKINNI.  
EINNIG FÁNAR-KANDÝFLOS-BLÖÐRUR OG SÆLGÆTI

-Íþróttamaður ársins

-Umhverfisverðlaun veitt


-Að ógleymdu 17. júní hlaupinu

-Frisbíggolf og strandblak

Sveitungar eru  
hvattir til að draga  
fána að húni



Fyrir börnin:  
Hoppukastali  
Vatnsrennibraut  
Aparólan og ærslabelgurinn  
einnig á sínum stað



KL. 20. KVÖLDDAGSKRÁ Í FÉLÓ

-LIFANDI TÖNLIST Í

HÖNDUM HEIMAMANNA

-ÖLL FJÖLSKYLDAN

VELKOMIN SAMAN



### Þjónusta á svæðinu:

Litla Bændabúðin Melum kl. 11:30-17:30 - Sundlaugin á Flúðum kl. 11-18

Farmers (sveppa)Bistro - Hótel Flúðir - Sæsabar - Kaffi Sel - Minilik

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir ([hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is))

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir ([svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is))

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfisvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)

# Loks sést til sólar

Í landbúnaðarhéraði sem okkar þá er maí mánuður annasamur enda sauðburður, útplöntun, jarðvinna og almenn vorverk í fullum gangi. En allt kom fyrir ekkert, auðvitað hlaut okkar góða sl. haust sem var það besta í manna minnum að hefna sín! Því miður var mánuðurinn sem leið ekki hliðhollur okkar samfélagi en sem betur fer sést orðið til sólar.



## Stundum breytast áformin

Í desember sl. samþykktum við fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 með bjartsýni og framtíð í huga. Undirritaður skrifaði hér síðast í janúarpésann þau áform sem áætluð voru um uppbyggingu tækjasals með rými fyrir sjúkrapjálfa og breytingar á Félagsheimili vegna færslu á kennslustofum. Því miður varð sveitarstjórn að fresta þeim áformum enda varð að ráðast í endunýjun á þaki grunnskólans. Um stórt og kostnaðarsamt verk er að ræða og hafa verk-takar nú hafið störf. Ákveðið var að fara varanlegustu leiðina sem var jafnframt sú kostnaðarsamasta. Vonandi með þessu móti hverfa hinar alþekktu fötur kennara-stofunnar sem hafa fangað regnvatnið til þessa, hver man ekki eftir þeim!

## Miklar framkvæmdir

Nú er loks allt komið af stað eftir nokkuð harðan vetur. Framkvæmdir eru komnar á fullt skrið í Birkihlíð og farið að myndast nýtt hverfi sem gaman verður að sjá klárast í framhaldinu. Það verður að segjast að byggingarstíll sem þar er krafa um mun breyta talsvert ásýnd byggðarinnar þegar keyrt er niður að og yfir Litlu-Laxá. Trúi ég því að íbúum muni líka vel við húsastílinn og nýju ásýndina.

Gatnagerð í Byggð á Brikum er í fullum gangi og má búast við því að lóðarhafar geti byrjað á tilsettum tíma í sumar. Verkinu miðar vel og hefur sveitarstjórn einnig ákveðið að nýta sér heimild í samningi og stækka útboðið og ráðast í gatnagerð í Klakkstanga. Má því búast við úthlutun lóða við þá götu næsta vetur.

Nýtt og glæsilegt hótél í Kerlingarfjöllum er á lokametrunum og opnar 1. júlí nk. Verður að segjast að þarna er á ferðinni metnaðarfullt verkefni sem gaman verður að sjá þróast í framtíðinni. Sveitarfélagið er svo í samtali við sömu aðila um uppbyggingu á skálasvæðum á afréttinum.

Ný brú yfir Stóru-Laxá er á lokametrunum og ráðgerð opnun er í þessum mánuði. Þrátt fyrir að biðin eftir brúnni hafi lengst umfram það sem lagt var með í upphafi þá verður mikið tilhlökkunarefni að aka fyrstu ferðina og trúi ég því að fáir vegfar- endur muni sakna þeirra gömlu!

## Sumarið er tíminn

Loksins, loksins virðist sumarið komið eins og áður sagði. Útlit er fyrir mikið mannlíf og heilmikið verður umleikis hér í Hrunamannahreppi. Svo fátt eitt sé nefnt þá má nefna sumarnámskeiðin sem auglýst hafa verið og bjóða upp á mikinn fjölbreytileika og hvet ég foreldra til að kynna sér námskeiðin. 17. júní er handan við hornið og er nefndin á fullu að undirbúa fjölbreytta dagskrá hátíðarhalda. Flúðir um Versló er einnig í undirbúningi og má búast við miklu fjöri með alþektri dagskrá sem og nýjum viðbótum. Hestamannafélagið Jökull hefur auglýst glæsilegt gæðingamót og lengi mætti áfram telja!

Með ósk um sólríkt sumar.

Sumarkveðja, Jón Bjarnason oddviti

**Ráðhús Hrunamannahrepps verður lokað** vegna sumarleyfa starfsmanna frá 3. júlí – 25. júlí 2023 að báðum dögum meðtöldum.

Endilega sendið tölvupóst á netfangið [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is) ef um brýn málefni er að ræða.



## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf*  
*Beðahreinsun - Garðsláttur*  
*Garðaúðun - Trjáklippingar*  
*Gróðursetning trjáplanta*  
*Ráðgjöf um hönnun garða*  
*Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufræðingur*

Sími 858 3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)



## LEIKJA- NÁMSKEIÐ 2023

Nú getur þú séð hvaða sumarnámskeið verða í boði í Hrunamannahrepp. Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna hér: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)



# 7. bekkur plantar trjám í Kópvatnsásnum

Árlega er nemendum 7. bekkjar boðið að setja sitt mark á skógræktarsvæð Hrunamanna til framtíðar með því að planta nokkrum trjám í Kópvatnsásnum. Nemendur og tré voru í góðum höndum en Sigríður á Fossi undirbjó ferðina og Fjóla í Skollagróf kom og leiðbeindi hópnum. Nemendum fannst nokkuð til koma og vönduðu sig sem best þau gátu. Þau ætla svo að fylgjast með sínum trjám vaxa og dafna í framtíðinni.

Margrét Sævarsdóttir



**BÍLAVERKSTÆÐI**



**ALLAR ALMENNAR VÍÐGERÐIR  
BÍLAFLUTNINGAR / ÞVOTTUR OG BÓN**

**OPIÐ KL. 8:00-17:00**



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og víðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



**HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS**

## **Heilsugæslan Laugarási**

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímarpantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.



## **Íþróttamannvirkin á Flúðum**

### **Sumaropnun íþróttahúss**

**Mánudaga, þriðjudaga  
og fimmtudaga**  
kl. 14:00 – 20:30

### **Sumaropnun sundlaugarinnar**

Sumaropnun  
sundlaugarinnar á Flúðum  
frá 1. júní til 20. ágúst.

**Virka daga**  
kl. 11:00 – 20:00

**Laugardaga og  
sunnudaga**  
kl. 11:00 – 18:00



Árskort sem gilda í sundlauginna,  
íþróttta- og tækjasalinn eru á mjög  
hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr.  
Mínum á að hjá flestum stéttar-  
félögum er hægt að sækja um styrk.

# Miðfellshlaupið 2023

Miðfellshlaupið fór fram í þriðja sinn þann 3. júní sl. og heppnaðist einstaklega vel. Þátttakendur gátu valið um 3., 5., eða 10 km. göngu/hlaup. Metþátttaka var í hlaupinu og tóku bæði ungir sem aldnir þátt, um það bil 130-140 manns. Að þessu sinni rann allur ágóði af hlaupinu til Píeta samtakanna og söfnuðust um 400.000 kr. sem munu nýttast vel í því margþætta og góða starfi sem samtökin sinna en það er m.a. forvarnarstarf gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og einnig styðja þau við aðstandendur. Boðið er upp á viðtöl og stuðningshópa auk þess sem samtökin eru með Píeta-símann 552 2218 sem opinn er allan sólarhringinn.



Það eru þau Arnfríður Jóhannsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Gunnar Gunnarsson hafa haft veg og vanda að Miðfellshlaupinu. Þau vilja nota tækifærið og þakka öllum sem tóku þátt, styrktu hlaupið með einum eða öðrum hætti eða aðstoðuðu við framkvæmdina kærlega fyrir. Án ykkar væri þetta ekki hægt. Að lokum viljum við hvetja alla til að hreyfa sig reglulega og vonumst við til að sjá ykkur sem flest í Miðfellshlaupinu næsta vor en áætlað er að það fari fram laugardaginn 1. júní 2024.



**Löggiltur rafverktaki  
/ bílaflutningur**

**Axel**  
Sími 860 7073

**Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir  
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.**

**Gísli Laugum**  
Sími 861 9682



# Litla Bændabúðin

# SUMMAR OPNUN

Opid alla daga  
11:30 til 17:30  
Frá 5. Júní





# Ferð kvenfélagsins 2023 með eldri Hrunamönnum

Verður farin þriðjudaginn 20. júní. Jói keyrir. Lagt af stað frá félagsheimilinu kl. 10.

Byrjað verður á að heimsækja Þingborg og skoða búðina. Einnig komið við í Gallery Flóa sem líka er í Þingborg og er með fallett handverk af ýmsu tagi

Næst er stefnan tekin á Hellisheiðarvirkjun þar sem tekið verður á móti okkur með leiðsögn um staðinn.

Eftir skoðunarferðina er ekið til Hveragerði, að mathöll Suðurlands/ Gróðurhúsið, þar sem margir matstaðir eru og hægt að velja sér bita að smekk. Hver borgar fyrir sig.

Eftir góðan málsverð förum við aftur af stað og gerum stans hjá Siggu á Grund og í framhaldi af því á sýninguna Tré og list í Forsæti, en flestir gripir Siggu eru komnir þangað.

Gert er ráð fyrir heimkomu milli kl. 17 og 18.

Rútan er í boði kvenfélagsins. Aðgangseyrir á sýningarnar er samtals 3.200 kr. sem greiðist í rúttunni.

**Þátttaka tilkynnist fyrir 16. júní til**

Önnu Ipsen (sími 847 3176 / ipsenanna@hotmail.com) eða  
Eddu V. Guðmundsdóttur (sími 862 0572 / eddav@simnet.is)



# SÆLKERABÍLL UPPSVEITA

HELGIN  
24. & 25.  
júní

Stoppað verður á eftirtöldum stöðum og sælkeravarningur frá framleiðendum í uppsveitum verður til sölu

## LAUGARDAGURINN 24. JÚNÍ

Kl 11 - 13 Laugarvatn, við Menntaskólann ML

Kl 14 - 16 Sólheimar í Grímsnesi, við Grænu Könnuna

Kl 17 - 19 Reykholt, við Bjarnabúð



## SUNNUDAGURINN 25. JÚNÍ

Kl 11 - 13 Flúðir, við Minilik epjópíska veitingastaðinn

Kl 14 - 16 Árnes, við Félagsheimilið



## FJÖLBREYTTAR VÖRUR

Kjöt, fiskur, grænmeti  
blóm og aðrar vörur frá framleiðendum í  
uppsveitum Árnessýslu

Umsjónaraðili: Dóra Svavarsdóttir  
Culina ehf sími 892 5320

# Sæsabar verður með aðstöðu fyrir ferðamenn

Sveitastjórn Hrunamannahrepps hefur gert samning við eigendur Sæsabars um aðstöðu fyrir ferðamenn í sumar og verður opnunartími staðarins á milli 12:00 – 23:00 alla daga frá byrjun júní og út ágústmánuð. Auk þessa mun starfsfólk Sæsabars veita



gestum sveitarfélagsins upplýsingar um þá þjónustu sem stendur til boða í hreppnum s.s gistingu, veitingarhús, þjónustu og ýmsa afþreyingu.

Bæklingar og aðrar upplýsingar frá aðilum í Hrunamannahreppi verða því aðgengilegar á Sæsabar, sem verður þar með nokkurs konar upplýsingamiðstöð fyrir sveitafélagið.

Því viljum við bjóða þér/þínu fyrirtæki að koma með auglýsingabæklinga til okkar svo við getum veitt sem besta þjónustu.

Nánari upplýsingar veita Bessi (sími 895 6952) og Bára (sími 868 6742).

*Með góðri kveðju, eigendur Sæsabars.*

## Aðalfundur Skógræktarfélags Hrunumannahrepps



Aðalfundur Skógræktarfélags Hrunumannahrepps verður haldinn þriðjudaginn 27. júní í safnaðarheimilinu í Hruna klukkan 20.30.

Dagskrá fundar verða venjuleg aðalfundarstörf. Það verður kaffi og ríkulegt meðlæti á eftir.



*7. bekkur plantaði trjám í Kópvatnsásnum í vor. Talið frá vinstri: Þorgeir Elís, Andri, Jangjiaxuan, Margrét, Steinunn og Nicole.*

*Stjórnin*



# Baggamunur

*Bókhalds- og skattþjónusta*

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is



## Hjörleifur Ólafsson

*Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki*

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## FÓTAAÐGERÐASTOFA ÖDDU SIGGU

*Miðfelli 2a*

Opið alla virka daga kl. 8-16.  
Tímarpantanir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



### Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook

bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



### Sumaropnun á Bókasafni Hrunamanna


*Tekur gildi 1. maí 2023*

Þriðjudaga kl. 18-20

Miðvikudaga kl. 16-18

Pésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.

Sendið efni og auglýsingar á svanhildur@fludir.is



HUGMYND

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14, 845 Flúðir - flight@simnet.is - Sími 699 0757

## FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**  
- þú færð þitt

botarettur.is

